

**Háls í Hamarsfirði. Efnasamsetning vatns í
tveimur lindum**

Magnús Ólafsson

Greinargerð MÓ-95-03

HÁLS Í HAMARSFIRÐI Efnasamsetning vatns í tveimur lindum

INNGANGUR

Þann 8. nóvember 1994 tóku starfsmenn Orkustofnunar sýni af vatni úr tveimur lindum í landi jarðarinnar Háls í Hamarsfirði, Djúpavogshreppi. Sýnataka var gerð að beiðni Ómars Bjarka Smárásonar hjá Jarðfræðistofunni Stapa. Niðurstöður þeirra efna sem greind voru liggur nú fyrir og eru sýndar í töflu 1.

Tafla 1. Efnasamsetning vatns (mg/l)

Staður	Vestari lind	Eystri lind
Dags.	94.11.08	94.11.08
Númer	94-0310	94-0311
Hiti (°C)	5,1	4,9
Leiðni (µS/cm)	137	-
Sýrustig (pH/°C)	7,4/20	7,4/20
Kísill (SiO ₂)	15,0	16,1
Karbónat (CO ₂ (t))	38,6	32,5
Súlfat (SO ₄)	4,7	-
Brennist.vetni (H ₂ S)	<0,03	<0,03
Klóríð (Cl)	16,7	-
Flúoríð (F)	0,04	-

UMRÆÐA

Lindirnar tvær sem sýnin voru tekin úr eru með nokkurra metra millibili neðan undir allhárri brekku innan (vestan) við gamla bæjarstæðið á Hálsi. Ofan við brekkuna stendur sumarhús, en gamli vegurinn liggur neðan brekkunnar. Lindirnar eru ofan við gamla veginn. Þegar sýnin voru tekin var gróður enn grænn umhverfis þær, þótt úthagi annars staðar væri sölnaður, enda komið fram í nóvember. Hiti í lindunum mældist rétt um 5°C og rennsli frá þeim var áætlað 0,5-1 l/s.

Vatnið í lindunum er efnasnautt og engin merki um jarðhita sjást út frá fyrirliggjandi efnagreiningum.

Magnús Ólafsson